



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bolholt 6 • 105 Reykjavík • Sími 553 1510 • Símbref 568 4363 • www.angling.is • info@angling.is

Alþingi

Erindi nr. P 127/905

komudagur 26.2.2002

Umsögn Landssambands veiðifélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi því, sem nú er lagt fram í þingskjali nr. 45, er lagt til að ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, verði breytt þannig að tilgreindum aðilum verði heimilað að draga frá rekstrartekjum 74% fjárhæðar sem þeir hafa fengið greidda í arð frá veiðifélögum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Í frumvarpinu er vakin athygli á því að mismunur sé á stöðu þeirra sem fá greindar tekjur greiddar sem rekstrartekjur, sbr. B- lið 7. gr. laga nr. 75/1981, og þeim sem hafa ekki atvinnurekstur með höndum og fá tekjumar því greiddar sem fjármagnstekjur, sbr. C- lið sömu greinar. Frumvarpshöfundar leggja til að mismunur þessi verði jafnaður og á það lögð áhersla að sömu sjónarmið eigi ekki við að því er snertir tekjur af þessum eignum og öðrum eignum sem teljast rekstrareignir. Fram kemur að hlutfall frádráttar miði að því að gera alla aðila eins setta og að skattur á móttækinn arð nemi u.þ.b. 10% án tillits til eðlis rekstrarins.


Við höfum farið yfir frumvarpið og tókum undir með höfundum þess að staða manna, sem eins stendur á um, eigi að vera jöfn. Þess vegna viljum við vekja athygli á að sumir félagsmenn veiðifélaga fá tekjur vegna útleigu veiðiréttar beint frá leigutökum en ekki fyrir milligöngu veiðifélags í formi arðgreiðslna. Rétt væri að staða þeirra verði einnig jöfnuð ef breyta á skattalögum. Þess vegna leggjum við til að aftan við málsliðinn bætist setningin:

„Sama gildir um aðra félagsmenn í veiðifélagi sem fá tekjur vegna útleigu veiðiréttinda.“

Við lýsum okkur fúsa að koma að frekari vinnu um útfærslu þessara hugmynda ef þess er óskað.

Reykjavík, 26. febrúar, 2002

Virðingarfyllst,


Óðinn Sigþórsson, formaður